



Selfossi, 12.2.2025

Fundargerð stjórnar

25. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn miðvikudaginn 12.febrúar 2025, kl. 15:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson, Árni Eiríksson, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

- Staða mála vegna byggingar tækja- og búnaðargeymslu BÁ á Laugarvatni**
Lárus sagði frá því að búið er að taka hluta að tækja- og búnaðargeymslunni á Laugarvatni í gagnið. Bílar og tæki voru flutt inn á æfingu í janúar eftir að öryggisúttekt fór fram í bílasalnum.
- Staða mála í undirbúningsvinnu vegna Björgunarmiðstöðvar á Flúðum**
Lárus, Árni og Helgi, fulltrúar bygginganefndar, fóru yfir stöðuna á undirbúningsvinnu vegna byggingarframkvæmdar á Flúðum. Frumhönnun er tilbúin og búið að senda út verðkönnun fyrir húsið sjálft á nokkur fyrirtæki. Skilafrestur á verðkönnuninni er til 3.mars nk.
- Staðan á vinnu við ársreikningsgerð BÁ vegna ársins 2024**
Unna sagði frá því að vinna við ársreikningagerð BÁ fyrir 2024 er í fullum gangi. KPMG hafa fengið öll gögn og gengur vinnan þar vel samkvæmt upplýsingum frá þeim.
- Staða kjarasamninga slökkviliðsmanna.**
Unna sagði frá því að LSOS og SÍS skrifuðu undir kjarasamning í síðustu viku og má búast við niðurstöðum úr kosningum í lok febrúar. Um er að ræða nokkra hækkun á launatöflu sem þarf að leiðrétta til 1.4.2024 auk þess sem ný launatafla tekur gildi 1.4.2025. Einnig er breyting á greiðslum til tímavinnnumanna (áður hlutastarfandi), bæði hvað varðar persónuálag og persónuuppbætur. Uppfærð launaáætlun verður unnin þegar/ef samningurinn verður samþykktur og búast má við að launaáætlun 2025 muni hækka nokkuð við þessa samninga.
- 50 ára afmæli BÁ 2025.**
Pétur og Lárus sögðu frá hugmyndum vegna 50 ára afmælis BÁ á árinu.
- Viðbragðstímar slökkviliðs**
Pétur kynnti ný kort frá Samsýn um viðbragðstíma slökkviliðs eftir slökkvistöðvum.
- Erindi frá Grímsnes- og Grafningshrepp um slökkvistöðvarmál**
Pétur kynnti erindi frá Grímsnes- og Grafningshrepp varðandi byggingu og rekstur slökkvistöðvar á Borg. Stjórn þakkar GogG fyrir erindið og tilnefnir Árna, Pétur og Lárus í vinnuhóp.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 16:00

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Árni Eiríksson

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir

Sveinn Ægir Birgisson

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir